

Nd.

472. Nefndarálit

um frv. til laga um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. 11. tölul. Liðurinn orðist svo:
11) eftirlit með matvælum og öðrum neyzluvörum (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, reglugerð nr. 17 22. febr. 1939 og aðrar reglugerðir samkvæmt þeim lögum). Hér undir heyra meðal annars mjólkurstöðvar, mjólkursölustaðir, brauðgerðarhús, fisksala, sláturhús, kjötbúðir o. s. frv. Skal sérstaklega kveðið á um verk-svið heilbrigðisnefndar til fullnægingar ákvæðum nefndra laga og reglugerða.
2. Við sömu gr. 19. tölul. Liðurinn orðist svo:
19) starfsreglur fyrir heilbrigðisfulltrúa.
3. Við 6. gr. Í stað „eftir tillögum heilbrigðisnefndar“ komi: að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar.

Alþingi, 13. des. 1939.

Bergur Jónsson,	Vilm. Jónsson,	Sveinbjörn Högnason.
form.	fundaskr., frsm.	
Garðar Þorsteinsson.	Thor Thors.	